



## Greinagerð með tillögu að breytingu í sorphirðumálum hjá Bláskógabyggð

Samkvæmt lögum nr. 55/2003, 4. gr. 3. mgr., skal Umhverfisstofnun gefa út almenna áætlun um meðhöndlun úrgangs, Landsáætlun, sem gildir fyrir landið allt. Í 4. gr. 4. mgr. sömu laga er tilgreint að sveitarstjórn skuli semja og staðfesta áætlun, Svæðisáætlun, byggða á markmiðum Landsáætlunar, um meðhöndlun úrgangs á sínu svæði. Í reglugerð 737/2003 er nánari skilgreining á markmiðum laganna.

### Markmið landsáætlunar


Viðmiðunardagsetning	Markmið
Ótímasett	Draga úr myndun úrgangs
Ótímasett	Almenn aukning endurnotkunar og endurnýtingar
Ótímasett	Sértæk markmið um að komið verði í veg fyrir myndun umbúðaúrgangs
1. janúar 2006	Endurnotkun og endurnýting ökutækja nái 85%
16. júlí 2006	Óheimilt að urða kurlaða hjólbarða
1. desember 2006	Söfnun og meðhöndlun á a.m.k. 4 kg. af raftækjaúrgangi á ári pr. íbúa
1. janúar 2009	Urðun lífræns úrgangs niður í 75% af viðmiðun 1995
16. júlí 2009	Urðunarstaðir uppfylli ákvæði í reglugerð 73/2003
1. júlí 2013	Urðun lífræns úrgangs niður í 50% af viðmiðunarmagni frá 1995
1. janúar 2015	Endurnotkun og endurnýting ökutækja nái 95%
1. júlí 2020	Urðun lífræns úrgangs niður í 35% af viðmiðun 1995

Glitra ehf.

4

Sorpstöð Suðurlands, ásamt þrem öðrum sorpsamlögum, stóð að gerð svæðisáætlunar fyrir starfssvæði þessara sorpsamlaga f.h. aðildarfélaga sinna. Þessi svæðisáætlun fjallar um meðhöndlun úrgangs 2005 – 2020 og standa 43 sveitarfélög að henni. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti svæðisáætlunina með staðfestingu sinni þann 8. nóvember 2005.

Með gerð Landsáætlunar og Svæðisáætlana er verið að skilgreina markmið þau sem vinna skal eftir til þess að auka endurnýtingu og þar með að lágmarka förgun úrgangs.






Í Landsáætluninni eru sett fram eftirfarandi markmið og viðmið um árangur:


- Að lífrænn heimilisúrgangur sem berst til urðunarstaða hafi miðað við þann lífræna heimilisúrgang sem féll til árið 1995 minnkað eigi síðar en 1. janúar 2009 niður í 75% af heildarmagni, eigi síðar en 1. júlí 2013 niður í 50% af heildarmagni og eigi síðar 1. júlí 2020 niður í 35% af heildarmagni.
- Annar lífrænn úrgangur, svo sem lífrænn rekstrarúrgangur, sem berst til urðunarstaða hafi miðað við þann úrgang sem féll til árið 1995 minnkað eigi síðar en 1. janúar 2009 niður í 75% af heildarmagni, eigi síðar en 1. júlí 2013 niður í 50% af heildarmagni og eigi síðar 1. júlí 2020 niður í 35% af heildarmagni.
- Að koma í veg fyrir myndun umbúðaúrgangs. Minnst 50% og mest 65% af þyngd umbúðarúrgangs skal vera endurnýttur, þar sem minnst 25% og mest 45% af þyngd allra umbúðaefna í umbúðarúrgangi er endurunnið og þar af minnst 15% af þyngd hvers umbúðaefnis fyrir sig.
- Að endurnotkun og endurvinnsla úrsér genginna ökutækja sé eigi síðar en 1. janúar 2006 að lágmarki 85%, og á sama tíma endurnotkun og endurvinnsla að lágmarki 80% af meðalþyngd ökutækis. Eigi síðar en 1. janúar 2015 skal endurnotkun og endurnýting allra úrsér genginna ökutækja að lágmarki vera 95%, og á sama tíma endurnotkun og endurvinnsla að lágmarki 85% af meðalþyngd ökutækis.
- Að safnað verði að jafnaði 4 kílóum á hvern íbúa á ári af raftækjaúrgangi og hann meðhöndlaður á viðeigandi hátt.

Ein af forsendunum til þess að ná árangri á þessu sviði er þekking á magni og samsetningu á þeim úrgangi sem til fellur í sveitarfélaginu. Þannig er hægt að meta sóknarfæri með tilliti til mesta mögulega ávinnings í magni og lágmarkun á kostnaði við söfnun, móttöku og förgun. Samkvæmt mati í Svæðisáætlun er ætlað að magn úrgangs aukist um 0,6% á hvern íbúa í sveitarfélaginu á ári til 2020. Ef gert er ráð fyrir 2% aukningu íbúa á ári næstu árin þá má búast við að þróunin í úrgangi



Súlurit 1 – Þróun að óbreyttu ?

frá Bláskógabyggð verði eins og sést á súlurit 1. Árið 2007 féllu til 2.300 tonn af úrgangi sem sveitarfélagið kostaði til förgunar. Með ætlaðri þróun mun þetta magn verða um 3.200 tonn árið 2020. Ef farið er að markmiðum Landsáætlunar, og þeim náð, gæti niðurstaðan orðið eins og súlurit 2 sýnir. Ætlað magn til förgunar árið 2020 yrði um 1.500 tonn eða um 47% af því magni sem í stefnir að öðrum kosti. Markmið Landsáætlunar miðar við það magn úrgangs sem til féll árið 1995 og grundvallast á að lágmarka förgun



Súlurit 2 – Möguleg þróun ?

sem unnið er eftir í dag gefur ekki þau sóknarfæri sem til möguleiki.

lífræns úrgangs sem og umbúða. Í tillögu að nýrri skipan mála í Bláskógabyggð er lögð áhersla á að flokka vel allan úrgang sem til fellur ásamt því að magnskrá hann eins og kostur er. Það má búast við að kröfur samfélagsins í úrgangsmálum verði meiri á komandi árum auk þess að kostnaður vegna förgunar mun hækka. Það skiptir því miklu máli að byrja strax að uppfylla þær kröfur sem þegar eru gerðar með það að leiðarljósi að gera betur í komandi framtíð. Það fyrirkomulag þarf en með nýja skipulaginu opnast sá